

# Fylgiskjal

## við samþykktir fyrir Byggingarvettvang (BVV)

### Samstarfssamningur 2016-2018

Íbúðaláanasjóður, Mannvirkjastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Samtök iðnaðarins hér eftir nefndir stofnaðilar, gera með sér eftifarandi samstarfssamning um „Byggingarvettvanginn“ (BVV). Um nánara fyrirkomulag Byggingarvettvangsins (BVV) vísast til samþykktta fyrir Byggingarvettvang – BVV.

Samningurinn er til þriggja ára, árin 2016-2018, og á því tímabili verður árangurinn af starfsemi hans metinn og ákvörðun tekin um framhald.

#### Árleg framlög stofnfélaga til Byggingarvettvangsins á samningstíma eru eftifarandi:

Íbúðaláanasjóður.....	kr. 6.000.000
þar af kr. 3.000.000 frá Íbúðaláanasjóði og kr. 3.000.000 frá Velferðarráðuneyti	
Mannvirkjastofnun.....	kr. 4.000.000
þar af kr. 2.000.000 frá Mannvirkjastofnun og kr. 2.000.000 frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	
Nýsköpunarmiðstöð Íslands.....	kr. 6.000.000
þar af kr. 3.000.000 frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og kr. 3.000.000 frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	
Samtök iðnaðarins.....	kr. 6.000.000
Samtals.....	kr. 22.000.000

Grunnfjármögnun er ætlað að standa straum af kostnaði við laun verkefnisstjóra.

Framanrituðu til staðfestingar skrifa aðilar nöfn sín hér undir.

Reykjavík, 16. nóvember 2015

---

Björn Karlsson, f.h. MVS

---

Þorsteinn Ingí Sigfússon, f.h. NMÍ

---

Hermann Jónasson, f.h. ÍLS

---

Almar Guðmundsson, f.h. SI

# SAMPYKKTIR FYRIR BYGGINGARVETTVANG – BVV

- 1. gr.** Heiti félagsins er „Byggingarvettvangur“ skammstafað BVV og er heimili þess og varnarþing í Reykjavík.
- 2. gr.** Byggingarvettvangurinn er fyrirtækjadrifinn samstarfsverttvangur fyrirtækja, stofnana, menntastofnana og annarra aðila sem starfa á sviði sem tengist byggingarstarfsemi með einum eða öðrum hætti.

Tilgangur félagsins er að efla samkeppnishæfni innan byggingageirans með virðisauka fyrir þau fyrirtæki sem þar eru, auka framleiðni og nýsköpun á þessu sviði og stuðla að faglegri mannvirkjagerð.

Miðað er við að samstarfið hafi eftirfarandi áhrif:

- Efling innviða og aukin samkeppnishæfni innan byggingageirans.
- Efling rannsóknar, þróunar og nýsköpunar innan byggingageirans.
- Samantekt og miðlun upplýsinga um byggingageirann.
- Vettvangur faglegrar umræðu sem stuðlar að framþróun byggingageirans.
- Víðfeðmara framboð þjónustu, menntunar og þekkingar innan byggingageirans.
- Aukin verðmætasköpun afurða og þjónustu í byggingageiranum.
- Auknar innlendar og erlendar fjárfestingar innan byggingageirans.
- Aukinn útflutningur á vöru og þjónustu fyrirtækja innan byggingageirans.
- Grunnkröfur til mannvirkjagerðar séu uppfylltar, t.d. varðandi hollustu, heilsu og öryggi.

- 3. gr.** Stofnfélagar vettvangsins eru:

- **Íbúðalánasjóður**, kt. 661198-3629
- **Mannvirkjastofnun**, kt. 611210-0190
- **Nýsköpunarmiðstöð Íslands**, kt. 580607-0710
- **Samtök iðnaðarins** kt. 511093-2019

Framlög stofnfélaga eru skilgreind í fylgiskjali með samþykktum þessum.

Aðrir áhuga- og hagsmunaaðilar, sem starfa á sviði sem tengist byggingarstarfsemi eða tengjast því sviði með einum eða öðrum hætti, geta orðið samstarfaðilar innan BVV að gefnu samþykki stjórnar félagsins. Samþykki allra stjórnarmanna þarf til þess að ákveða inntöku nýrra aðila.

- 4. gr.** Samstarfsaðilar vettvangsins eru:

- **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**
- **Háskóli Íslands**
- **Háskólinn í Reykjavík**
- **Hönnunarmiðstöð**
- **IKEA**
- **Listaháskóli Íslands**
- **Reykjavíkurborg**
- **Samband íslenskra sveitarfélaga**
- **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið**
- **Velferðarráðuneytið**

**5. gr.** Vettvangurinn er að grunni til fjármagnaður með samstarfssamningi stofnfélaga, fyrst um sinn til þriggja ára. Önnur fjármögnun er verkefnabundin eða með framlögum stofnaðila eða annarra samstarfsaðila.

**6. gr.** Stjórn vettvangsins, er skipuð fjórum fulltrúum sem framangreindir stofnaðilar skipa á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

**7. gr.** Hlutverk stjórnar er að eiga frumkvæði að almennum samstarfsverkefnum í samræmi við tilgang félagsins. Stjórnin leggur faglegt mat á samstarfsverkefni og gerir tillögur um fjármögnun þeirra. Stjórnin sér einnig um að ráða verkefnisstjóra.

Eitt af verkefnum stjórnarinnar verður því að athuga hvort og þá hvaða hagsmunu- og áhugafélögum ætti að bjóða í samstarf við félagið til að styrkja það enn frekar.

Þá skal stjórn semja ársreikning sem lagður skal fyrir aðalfund til samþykkis.

**8. gr.** Ráðgjafaráð er stjórn til ráðuneytis við meiriháttar ákvarðanir og stefnumótun. Ráðgjafaráð er skipað fulltrúum stofnaðila og samstarfsaðila innan BVV. Samtök iðnaðarins skulu skipa fjóra fulltrúa sem endurspeglar mismunandi greinar byggingariðnaðarins. Ráðgjafaráð skal kalla saman a.m.k. tvisvar á ári.

**9. gr.** Verkefnisstjóri starfar undir stjórn stjórnar og er hlutverk hans að fylgja eftir þeim ákvörðunum og áherslum sem stjórnin ákveður að vinna að á þessum vettvangi í samræmi við stefnumörkun stjórnar. Hann fylgist með framgangi verkefna og leitar eftir hugmyndum um ný verkefni og styrkjum til þeirra á innlendum og erlendum vettvangi eftir því sem við á hverju sinni.

Miðað er við að aðilar vettvangsins eða aðrir, eftir því sem við á, taki að sér umsjón með tilteknun verkefnum sem ákveðin hafa verið af stjórn.

**10. gr.** Formaður stjórnar og verkefnisstjóri boða til stjórnarfundar eftir því sem þurfa þykir, en skylt er að boða til stjórnarfunda innan tveggja vikna þegar einhver stjórnarmanna krefst þess. Stjórnarfundur er því aðeins lögmætur að helmingur stjórnarmanna hið fæsta sæki fundinn.

**11. gr.** Aðalfund skal halda árlega fyrir lok júnímánaðar. Aðalfund skal boða skriflega eða með tölvupósti með a.m.k. tíu daga fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Auk skipunar stjórnar skal á aðalfundi leggja fram til samþykktar ársreikninga fyrra árs, en einnig kynna drög að starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs. Starfsá félagsins er milli aðalfunda, en reikningsár er almanaksárið. Þá kýs aðalfundur skoðunarmenn reikninga.

Vægi atkvæða á aðalfundi fer eftir vægi framlaga stofnfélaga á hverjum tíma. Samstarfsaðilar hafa aðgang að aðalfundi en hafa ekki atkvæðisrétt. Stjórn getur einnig boðið gestum á aðalfund, án atkvæða.

**12. gr.** Breytingar á lögum félagsins má gera á aðalfundi en einnig er hægt að boða til sérstaks félagsfundar þar sem fyrirfram kæmi fram í fundarboði að til stæði að breyta lögum og þannig væri sá fundur bær til að breyta lögnum ef 2/3 væru samþykkir því. Breytingartillögur skal tilkynna í fundarboði og teljast þær því aðeins samþykktar að eigi minna en 2/3 atkvæða séu þeim fylgjandi.

**13. gr.** Um slit félagsins fer sem um lagabreytingar. Fundur sá sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta féluginu kveður og á um hvernig ráðstafa skuli eignum þess. Þar sem samningur stofnfélaga um starfrækslu vettvangsins er tímabundinn til ákveðins tíma í senn þarf að hafa það til hliðsjónar í þessu sambandi.

Samþykkt á fyrsta fundi stofnfélaga 16.nóvember 2015

---

Björn Karlsson, f.h. MVS

---

Þorsteinn Ingí Sigfússon, f.h. NMÍ

---

Hermann Jónasson, f.h. ÍLS

---

Almar Guðmundsson, f.h. SI